



## Lögsaga Alþjóðadómstólsins – „Optional clause“, ódagsett

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Dóms- Heilbrigðis- og – Iðnaðarmálaráðherra – Landhelgisdeilan –  
Alþjóðadómstóllinn – Sameinuðu þjóðirnar –

### ***Tekið af vef Borgarskjalasafnsins***

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

***Einkaskjalasafn nr. 360***

***Stjórnmalamaðurinn***

Askja 2-25, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lögsaga alþjóðadómstólsins.

## I.

"Optional Clause".

Sankvænt stofnskrá alþjóðadómstólsins, sem öll þátttakuríki Sameinuðu þjóðanna eru aðilar að, hefur dómstóllinn lögsögu í öllum málum, sem aðilarnir leggja til hans. Neginreglan er sú, að ekkert ríki getur stefnt öðru fyrir dóminn, án þess að samþykki þess sjálfs liggja fyrir. Hinsvegar er í 2. mgr. 36. gr. stofnskrárinnar gert ráð fyrir því, að ríki geti skuldbundið sig fyrirfram til þess að hlíta lögsögu dómstólsins í nánar tilteknum málaflokkum ("optional clause"). Ákvæði þetta hljóðar þannig:

"The states parties to the present Statute may at any time declare that they recognize as compulsory ipso facto and without special agreement, in relation to any other state accepting the same obligation, the jurisdiction of the Court in all legal disputes concerning:-

- (a) The interpretation of a treaty;
- (b) Any question of international law;
- (c) The existence of any fact which, if established, would constitute a breach of an international obligation;
- (d) The nature or extent of the reparation to be made for the breach of an international obligation."

Þessi ríki hafa undirritað skuldbindingar samkvæmt þessu ákvæði:

Ástralía, Belgía, Cambodía, Kanada, Kína, Colombia, Danmörk, Dominíkanska lýðveldið, El Salvador, Finnland, Frakkland, Haití, Honduras, Indland, Ísrael, Japan, Líbería, Luxembourg, Mexíco, Holland, Nýja Sjáland, Nicaragua, Noregur, Pakistan, Panama, Paraguay, Filippseyjar, Portúgal, Súdan, Svíþjóð, Sviss, Thailand, Tyrkland, Suður-Afríka, United Arab Republic, Bretland, Bandaríkin og Uruguay.

Þessi ríki - þ.á.m. Ísland - hafa ekki undirritað neinar skuldbindingar samkvæmt 2. mgr. 36. gr.:

Albanía, Argentína, Austurríki, Bolívía, Brasilía, Búlgaría, Burma, Byelorussian S.S.R., Cameroons, Ceylon, Chile, Costa Rica, Cuba, Tékkóslóvakía, Ecuador, Eþíópía, Sambandslýðveldið Þýzkaland, Ghana, Grikkland, Guatemala, Guinea, Holy See, Ungverjaland, Indónesía, Íran, Írak, Írland, Ítalía, Jórdan, Kórea, Laos, Líbanon, Líbya, Malaya, Monaco, Morecco, Perú, Pólland, Rúmenía, San Marino, Saudi Arabía, Spánn, Túnis, Ukrainian S.S.R., Venezuela, Viet Nam, Yemen og Júgóslavía.

Varðandi ofangreint ákvæði er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi í huga:

1. Tímatakmerki. Aðeins 9 ríki hafa undirritað skuldbindingar samkvæmt 36. gr. til óákveðins tíma án uppsagnar-ákvæðis (Colombía, Dominíkanska lýðveldið, El Salvador, Haití, Hónduras, Nicaragua, Panama, Paragúay og Urugúay).

Hin ríkin hafa öll sett takmarkanir, þ.e.

- a) Ákveðið árabíll (Thailand og Tyrkland)
- b) Uppsagnarfrest (Bretland, Ástralía, Indland, Páakistan, Suður-Afríka, Ísrael, Lichtenstein, Súdan og Sviss)
- c) Ákveðið árabíll í senn með uppsagnarfresti (Bandaríkin, Belgía, Cambodía, Kanada, Danmörk, Filippseyjar, Finnland, Frakkland, Holland, Japan, Líbería, Luxembourg, Mexíco, Nýja Sjáland, Noregur, Portúgal og Svíþjóð).

Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa öll gefið skuldbindingar til 5 ára í senn, en það tímabil endurnýjast sjálfkrafa, hafi uppsögn ekki farið fram 6 mánuðum áður en tímabilið rennur út.

2. Fyrirvarar. Nokkur ríki hafa gert fyrirvara varðandi skuldbindingar sínar. Er þar aðallega um að ræða Breta og nokkur samveldislönd þeirra (Ástralía, Kanada, Indland, Nýja Sjáland og Páakistan) og Bandaríkin. Bretar hafa gert alls 9 fyrirvara og er þar einn varðandi

"disputes with regard to questions which by international law fall exclusively within the jurisdiction of the United Kingdom".

Þá hafa Bretar einnig áskilið sér rétt til þess að breyta þessum fyrirvörum og bæta við þá hvenær, sem þeim hentar. Samveldislöndin hafa gert svipaða fyrirvara og Bretar og er þar sérstaklega eftirtektarvert, að meðal fyrirvara Ástralíu segir, að skuldbindingin taki ekki til deiluatríða varðandi lögsögu Ástralíus "in respect of Australian waters within the meaning of the Australian Pearl Fisheries Act".

Bandaríkin hafa gert svohljóðandi fyrirvara:  
"disputes with regard to matters which are essentially within the domestic jurisdiction of the United States of America as determined by the United States of America".

3. Deila Íslendinga og Breta. Það virðist ljóst, að skuldbinding af Íslands hálfu samkvæmt 36. gr. 2. mgr. mundi ekki leysa þetta deilumál, nema skuldbindingin væri án tímatakmarkana eða annarra skilyrða, sem gætu gert efni hennar að engu samkvæmt einhliða ákvörðun Íslands, t.d. fyrir uppsögn. Væri hinsvegar skuldbinding gefin af Íslands hálfu, sem ekki fæli þetta í sér, mundi hún ganga miklu lengra en venja er til. Þetta atriði verður að hafa í huga, þegar þessi aðferð er athuguð.

## II.

### Sérstakt samkomulag.

Í viðræðunum við Breta hafa þeir lagt til, að í væntanlegu samkomulagi við þá yrði svohljóðandi ákvæði:

"The Icelandic Government will not take any action to exclude vessels registered in the United Kingdom from fishing in any area outside the 12 mile limit except in accordance with the terms of a subsequent international agreement embodying a generally accepted rule of law in

relation to fishery limits, or in conformity with a rule of international law, established by general consent and recognized as such by the International Court of Justice which would permit such an extension of fishery jurisdiction".

Þetta ákvæði gerir einnig ráð fyrir því, að útfarsla lögsögu eigi sér stað, ef dómur liggur fyrir um heimild til slíkrar lögsögu. Af Íslands hálfu var það tekið fram, að slíkt væri að sjálfsögðu útilokað og kom til tals eftirfarandi orðalag:

"The Icelandic Government reserves its right to extend fisheries jurisdiction in Icelandic waters in conformity with international law. Such extension would, however, be based either on an agreement (bilateral or multilateral) or decisions of the Icelandic Government which would be subject to arbitration at the request of appropriate parties".

Þetta orðalag var ekki aðgengilegt af Breta hálfu vegna þess, að með því er beinlínis gert ráð fyrir frekari útfarslu og síðan ekkert sagt um, hvaða aðili skuli úrskurða ágreining né heldur eftir hvaða reglum skuli farið meðan úrskurður liggur ekki fyrir.

Sé miðað við það, að útfarsla geti farið fram annaðhvort samkvæmt samningi (og þá vantanlega alþjóðasamningi frá þriðju Genfarráðstefnunni) eða samkvæmt öðrum reglum þjóðaréttar (venjurétti o.s.frv.), og að alþjóðadómstóllinn úrskurði ágreining varðandi reglur, sem ekki koma til framkvæmda meðan málið væri fyrir dómi, virðist eftirfarandi orðalag sanngjarnt:

"The Icelandic Government reserves its right to extend fisheries jurisdiction in Icelandic waters in conformity with international law. Such measures for extension will either be in accordance with the terms of a subsequent international agreement embodying generally accepted rules of law in relation to fishery limits or be based on other rules of international law.